

Akraneskaupstaður
Bt: Regínu Ásvaldsdóttur
Stillholti 16-18
300 AKRANESI



Akraneskaupstaður 

| Skjal nr. | Mótt af. | Mótt dags. |
|-----------|------------|---------------|
| 1.20. | Gjó | - 5 OKT. 2016 |
| Ábr. | Úrv. aðili | Málsnr. One |
| RA | St.A | 1610008 |

Reykjavík 3. október 2016

Málsnr. 1609311

Efni: Hækkun mótframlags launagreiðenda í A deild Brúar lífeyrissjóðs

Frá og með 1. janúar 2017 hækkar mótframlag launagreiðenda vegna lífeyrisðgjalda launþega sem greiða í A deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga úr 12% í 16,8%. Lífeyrisðgjöld nema þá samtals 20,8% af heildarlaunum starfsmanna.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2015 sýndi að í A deild Brúar lífeyrissjóðs voru skuldbindingar umfram eignir um 9,8%. Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (39. gr l. 127/1997) ber stjórn að grípa til aðgerða ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Bráðabirgðaákvæði VI með lögum nr. 129/1997 um tímabundna undanþágu frá tryggingafræðilegu jafnvægi rann út 31. desember 2015. Samkvæmt gr. 8.1 í samþykktum sjóðsins skal ákvörðun stjórnar um hækkun framlags launagreiðenda liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Stjórn sjóðsins samþykkti á fundi sínum 30. september sl. að hækka mótframlag launagreiðenda sem greiða í A deild sjóðsins úr 12% í 16,8%.

Samþykktin er bundin þeim fyrirvara að forsendur að baki tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins breytist ekki fram að áramótum, svo sem vegna áhrifa samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl.

Virðingarfyllst,

F.h. Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Þóra Jónsdóttir, sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs